Brjef biskups (til allra prófasta). **1** 12ta jan.

Frá ýmsum prestum, einkum í hinum fjarlægari hjeruðum landsins, hef jeg við og við fengið umkvartanir yfir skorti á barnalærdómsbókum, biflíusögum o. s. frv., með þeirri ósk, að jeg hlutaðist til um það við forstöðumann landsprentsmiðjunnar, að hann sendi þeim þessar bækur. Þótt jeg nú í hvert skipti hafi orðið við þessum tilmælum prestanna, get jeg þó hvorki haft áreiðanlega vissu fyrir því, að þannig lögud afskipti mín af máli þessu hafi ætíð tilætlaðan árangur, nje heldur er þetta sú rjetta aðferð til að bæta úr áminnstum bókaskorti, ef hann ætti sjer víða stað.

Út af þessu vil jeg hjer með þjenustusamlega biðja yður, herra prófastur, að útvega árlega skýrslur hjá prestum yðar um, hve margar barnalærdómsbækur og biflíusögur hver þeirra þurfi að fá fyrir sinn söfnuð, og, er þjer hafið fengið þær, að panta þessar bækur í tíma hjá umboðsmönnum forstöðumanns landsprentsmiðjunnar, sem jeg hef ámálgað við hann að hafa sem flesta út um landið, og sem hann við og við hefur gefið lista yfir í *blöðunum*. En sjeu bækurnar upp gengnar eða ófáanlegar hjá þeim umboðsmönnum, sem þjer getið náð til, verðið þjer að snúa yður beinlínis til forstöðumanns prentsmiðjunnar, og vilduð þjer þá jafnframt gefa mjer vísbending um það. En eins og það er öldungis ótilhlýðilegt, að skortur á fyrgreindum bókum eigi sjer almennt stað, eða jafnvel nokkurstaðar, án þess úr honum sje bætt sem allrafyrst, eins þarf prentsmiðjan að eiga það víst, að fá borgun fyrir bækurnar, og því verðið þjer, herra prófastur, að kalla eptir andvirði þeirra hjá hlutaðeigandi sóknarprestum og senda það þeim, sem þjer fáið bækurnar hjá. Sje þessari reglu stöðuglega fylgt, mun bæði verða komizt hjá skorti á þessum nauðsynlegu bókum, og eins hjá hinu, að of margar sjeu pantaðar í hvert skipti, og að það þannig baki yður eða prestum yðar óþarfan kostnað.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu). **2** 13da jan.

Búnaðarfjelag suðuramtsins hafði sótt um að fá til ráðstafanar samkvæmt dómsmálastjórnarbrjefi frá 26. febrúar 1870[1] fje það, sem árlega er veitt úr landssjóði til eflingar garðarækt í suðuramtinu, og var þetta samkvæmt meðmælum amtmannsins leyft fyrir árin 1874 og 1875 með því skilyrði, að fjelagið innan útgöngu þessa árs sendi amtmanni áleiðis til landshöfðingja skýrslu um, hvernig það verji þessu fje.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu). **3** 13da jan.

Samkvæmt tillögum amtmannsins var 148 krónum þeim, er dómsmálastjórnarbrjef frá 26. febrúar 1870 ákveður að verja skuli í vesturamtinu af fje því, sem árlega er veitt úr landssjóði til eflingar garðaræktinni, útbýtt í verðlaun til þessara manna, sem sýnt hafa framúrskarandi dugnað í landbúnaði:

bóndans Eyólfs Halldórssonar á Hlíð í Dalasýslu	50	krónur.
timburmanns Tómasar Jónssonar í Guðlaugsvík í Strandasýslu	50	—
bóndans Sveins Sveinssonar á Álptártungu í Mýrasýslu .	48	—

1) Tíðindi um stjórnarmálefni, 3. hindi, bls. 18—19.

Hinn 9. marts 1875.

Reykjavík 1875. Prentari: Einar Þórðarson.